

Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

1. fundargerð á haustönn 2023

miðvikudaginn 6. september. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttu eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrir en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

Rætt um svigrúm nemenda til að taka þátt í meistaradeildaræfingum á skólatíma. Ákveðið að láta þau leyfi sæta sömu reglum og aðrar umsóknir um leyfi, þ.e. að þær séu teknar fyrir í annarlok.

B. Umsóknir um mat á íþróttum:

Umsóknir um mat á íþróttum voru 32. Þeim var vísað til kennslustjóra í íþróttum.

B. Aðrar umsóknir

Umsóknir um stöðupróf í erlendum málum voru þrjár. Umsókn í spænsku var vísað til umsagnar kennslustjóra í erlendum málum. Umsókn í ensku var vísað til kennslustjóra í ensku og umsókn um stöðupróf í serbnesku var samþykkt.

Tveir nemendur sækja um að áfangar sem þeir hafa setið í og fallið verði kenndir á miðönn 2023-2024. Umsóknnum vísað til umsagnar hjá viðkomandi kennslustjórum.

Einn nemandi sækir um að fá að taka ENS403 eða ENS303 í fjarnámi í ME í stað ENSK3hr05 sem er í kjarna brautar. Erindi vísað til umsagnar kennslustjóra í ensku.

2. Af vettvangi NFFG

Fulltrúar NFFG sögðu frá að ritskoðunarnefnd hefur verið stofnuð með fulltrúum úr öllum nefndum og vinna gengur mjög vel. Nýnemaviðtöl vegna nefnda eru í fullum gangi. Nýnemaferð verður föstudaginn 15. september og undirbúningur í fullum gangi. Rætt um tilhögun og fjölda eldri nemenda sem taka þátt.

3. Önnur mál

Ábending um að í nýnemaviðtölum sé gætt háttvísi og virðingar gagnvart nemendum.

Fundinn sátu:

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Laufey Rán Svavarsdóttir, fjármálastjóri NFFG

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi